

Nd.

542. Nefndarálit

[125. mál]

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir leggjum til, að bæði 10. og 11. kafli frv. (heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir og um húsaleigumiðstöð) verði alveg felldir niður, einnig 12. kafli frv. Að öðru leyti mælum við með frv., en áskiljum okkur rétt til þess að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samhljóða frv., er flutt var á þinginu 1951 og samið hafði verið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði á sínum tíma. Frv. náði þá ekki fram að ganga.

Um það getur ekki verið ágreiningur, að tímabært sé að setja almenna löggjöf um samskipti leigusala og leigutaka. Um þau viðskipti hefur engin löggjöf verið sett nema undir óvenjulegum kringumstæðum, eins og á ófriðartímum. Fullkomin löggjöf, sem nærði yfir þessi algengu viðskipti, kæmi í veg fyrir óparfa málarekstur og vandræði, sem hlotizt geta af óvissu um það, hvaða reglur skuli gilda í ýmsum tilvikum, sem ógerlegt er að hafa öll í huga við samningsgerð. Því erum við undirritaðir sammála samnefndarmönnum okkar um ákvæði 9 fyrstu kafla frv. Hins vegar erum við andvígir því að heimila sveitarstjórnnum að innleiða á ný bindingarákvæði gömlu húsaleigulaganna, eins og gert er ráð fyrir í 10. kafla frv., og taka upp enn strangari þvingunarreglur en nokkru sinni giltu á stríðsárunum, svo sem heimilað er í 11. kaflanum. Við teljum, að hömlur þær á umráðarétti manna yfir húsum sínum, sem heimilaðar eru í nefndum köflum, verði sízt af öllu til þess að auka framboðið á leiguhúsnæði og stefni því í þveröfuga átt við þarfir þjóðfélagsins, eins og nú er háttað.

Leggjum við því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

48.—76. gr. ásamt fyrirsögnum X.—XII. kafla falli niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

Alþingi, 24. marz 1954.

Jónas G. Rafnar, Kjartan J. Jóhannsson.
frsm.